

Niðurstöður 19. háskólaþings Háskóla Íslands 19. maí 2017

19. háskólaþing Háskóla Íslands var haldið 19. maí 2017. Háskólaþing er haldið í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 sem tóku gildi 1. júlí 2008.

Þrjú mál voru á dagskrá þingsins að þessu sinni. Fyrst reifaði rektor mál sem eru efst á baugi í Háskóla Íslands [sjá lið 11i á dagskrá fundar háskólaráðs 1. júní 2017].

Annað málið á dagskrá þingsins var framkvæmd Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021. Gerði Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslu og þróunar, grein fyrir stöðu mála og næstu skrefum í innleiðingu stefnunnar, en 17. maí sl. var haldinn árlegur uppgjörsfundur allra stjórnenda sem bera ábyrgð á einstökum þáttum stefnunnar.

Þriðja og síðasta mál á dagskrá háskólaþings var umfjöllun um stjórnun og skipulag Háskóla Íslands. Skiptist málsmeðferðin í þrjá hluta. Fyrst gerði Ómar H. Kristmundsson prófessor grein fyrir yfirstandandi úttekt á stjórnskipulagi Háskóla Íslands, næst skiptu þingfulltrúar sér í átta vinnuhópa sem ræddu einstök viðfangsefni úttektarinnar og loks komu allir fulltrúar á háskólaþingi aftur saman í Hátíðasal þar sem ritarar vinnuhópanna gerðu grein fyrir niðurstöðum þeirra. Í kjölfar þingsins verður unnið úr skriflegum fundargerðum vinnuhópanna og munu þær nýtast við frágang úttektarinnar.

Að lokum sleit rektor háskólaþingi og bauð þingfulltrúum að þiggja léttar veitingar í anddyri Aðalbyggingar.